



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
Reykjavík, 7. febrúar 2018

UPPKAUP RÍKISBRÉFA RIKH 18 1009

Ákveðið hefur verið að halda ekki útboð á ríkisbréfum föstudaginn 9. febrúar 2018. Þess í stað verða uppkaupt kl. 10:30 til 11:00 með tilboðsfyrirkomulagi. Ríkissjóður býðst til að kaupa til baka óverðtryggð bréf í floknum RIKH 18 1009 sem er með lokagjalddaga 9. október 2018. Tilgangur uppkaupanna er að minnka stærð flokksins sem nú er um 50 ma.kr. og draga þar með úr endurfjármögnunaráhættu ríkissjóðs á lokagjalddaga flokksins.

Heildarfjárhæð samþykktra tilboða verður tilkynnt að loknum uppkaupum.

Lánamál ríkisins áskilja sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta þeirra eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í uppkaupunum en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Uppkaupunum verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast á innsendum verðum (e. multiple price auction method). Að öðru leyti er vísað í uppkauppsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Greiðslu- og uppgjörsgdagur er miðvikudagurinn 14. febrúar 2018.

Nánari upplýsingar veitir Oddgeir Gunnarsson, Lánamálum ríkisins, í síma 569 9635.